

Gnúpur (1)



Horft til norðurs um Nesdal

Það er eitt hinna fornu býla, hefur staðið austan við enda Sigrunesmúla undan gjá þeirri er að nokkru skilur Sigrunesnúp frá Múlanum og átt vesturhlut dalsins til sjávar, sem Reyðará hinn eystri. Það hefir snemma komist undir Sigrunes og í auðn líklega þegar á 14. öld. Hefur aurskrið úr gjánni síðar hulið meirihlut túns og mannvirkja, en forn garður sést neðan þess mjög mikill; hefir tún verið slétt og byggðarstæði fagurt. En nafn þess nú gleymt þó Gnúpur sé hér nefnt og glötuð öll örnefni er á það minna.

Tóftarúst er hér mikil niður frá garði, líklega af hjábýli því er virðist getið 1712 og nefnt Króksskáli (2) mun það helst frá 16. eða 17. öld og hefir skammt staðið. Stekkur er og allstór við hinn forna túngarð eftir Sigrunesbú á síðustu öld, nefnist hér því Stekkjargjá [2a] upp frá bæ réttara: Gnúpsgjá (3), Stekkjargrund (4) suður frá honum, en suður frá henni er Djúpihvammur (5). Stekkjárás (6) er og út og austur frá bæ, en Stekkjarspilda (7) engið hið næsta. Suður og neðar eru engjar hér hvarvetna inn

dalinn og nefnist þau næst Torfspilda (8) þá Kúanesspilda (9) en Kúanes (10) niður frá henni við ána, þá Heygarðsspilda (11), þá Pollengjaspilda (12) og loks Selspilda (13) en sunnan hennar Siglunessel (14). Eru tóftir þar svo miklar sem býli hafi verið, alls 9 sumar fornlegar enda heygarðar ofl. Þar skammt ofar er Ytra-Byrgi (15) smalakofi. Milli seltóftanna fellur Sellækur (16) kemur úr Selskál (17) upp í hlíð Múlans. Skammt utar og ofar er lítil skál Ausa (18) niður frá henni syðst gengur Syðri-Ausugjá (19) en yst Ytri-Ausugjá (20) og niður frá henni Stóraskriða (21) inn frá Djúpahvammi áðurnefndum.




Nesdalur-Hestur

Skammt suður og ofar frá Selskál er Beinaskál (22) þar munnmæli um útburð, niður frá henni er Stóragil (23) og nefnist Stóragilsfjall (24) hlíðin þar inn (og út). Niður frá gilinu eru Steinaflatir (25) og Steinaflataspilda (26) engjar. Þar nokkuð sunnar er Álftatóft (27) stór heygarður og út frá henni Álftatóftarspilda (28) en inn frá henni Háumýrar (29) einnig engjar. Inn frá henni er grýttur melhryggur þvert ofan hlíð Langihryggur (30) út frá honum neðst er Langahryggstjörn (31) litlu ofar Fremra-Byrgi (32) einnig smalakofi, en út og upp frá hryggnum 3 litlar skálar Langahryggsskálar (33) suður frá Beinaskál. Suður frá hryggnum kallast Bungur (34) eru þær niður frá Kálfsskarði sem getið mun við Staðarhól, en um það liggja

vegslóðir vestur í Kálfssdal og Sigrufjörð. Suður frá dalbotni vestarlega upp á eggjunum er kletthnjúkur líttill nefndur Matklettur (35) (eyktamark).

Nokkuð út frá hinu forna býli norðaustan við Gnúpinn er Sauðahammur (36) vestan við hann Háasteinsskriða (37), er Háisteinn er þar stóð lengi nú horfinn. Þar skammt utar kallast Grænutóftir (38) er þar talið 1712 að hjáleigukot hafi eitt sinn verið, líklega á 16. eða 17. öld, en litlar sjást þar byggðaleifar enda láglent og vatn mjög í jörðu þó sem túnlitur nokkur. Nokkuð austur þaðan er Rauðaflag (39). Vestur frá Reyðarármynni er Fúlavík (40) og næst ánni Fúluvíkurtangi (41) suður frá víkinni Lómatjörn (42) en vestur frá víkinni Langamöl (43). Vestan við hana er Eystri-Höfði (44) og fram frá honum flúðir nefndar Vattnestangi (45) en þar strandaði skipið Otto Wathne 1906. Vestan við höfðann er Höfðavík (46) og þá Vestari-Höfði (47).



Reyðarárdalur úr lofti

Stafrófsröð örnefna Gnúpur

- A -

Ausa 18
 Álftatóft 27
 Álftatóftarspilda 28

- B -

Beinaskál 22
 Bungur 34

- D -

Djúpihvammur 5

- E -

Eystrihöfði 44

- F -

Fremra-Byrgi 32
 Fúlavík 40
 Fúluvíkurtangi 41

- G -

Gnúpsgjá 3
 Gnúpur 1
 Grænutóftir 38

- H -

Háasteinsskriða 37
 Háumýrar 29
 Heygarðsspilda 11
 Höfðavík 46

- K -

Króksskáli 2
 Kúanes 10
 Kúanesspilda 9

- L -

Langahryggsskálar 33
 Langahryggstjörn 31
 Langamöl 43
 Langihryggur 30
 Lómatjörn 42

- M -

Matklettur 35

- P -

Pollengaspilda 12

- R -

Rauðaflag 39

- S -

Sauðahvammur 36
 Sellækur 16
 Selskál 17
 Selspilda 13
 Siglunessel 14

Steinaflataspilda 26

Steinaflatir 25

Stekkjarás 6

Stekkjargjá 2b= 3

Stekkjargrund 4

Stekkjarspilda 7

Stóragil 23

Stóragilsfjall 24

Stóraskriða 21

Syðri-Ausugjá 19

- T -

Torfspilda 8

- V -

Vestarihöfði 47

Wathnestangi 45

- Y -

Ytra-Byrgi 15

Ytri-Ausugjá 20

